E F N I

LESBÓK

MORGUNBLAÐSINS

Útgefandi: Hf. Árvakur, Reykjavík. Framkvstj.: Haraldur Sveinsson. Ritstjórar: Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson. Aðstoðarritstjóri: Björn Bjarnason. Ritstjórnarfulltr.: Gísli Sigurðsson. Auglýsingar: Baldvin Jónsson. Ritstjórn: Aðalstræti 6. Sími 691100.

Forsíðan

Á Kjarvalsstæðum stendur nú yfir mjög athyglisverð sýning Sæmundar Valdemarssonar á höggmyndum úr tré, oftast rekavið. Sæmundur er einn af fáum nævistum hér á landi; myndir hans bera með sér þá upprunalegu tilfinningu sem börn hafa oftast og þar að auki einlægni og gamansemi. Sæmundur er sjötugur á þessu ári. Hann er Barðstrendingur að uppruna, bjó þar til fullorðinsára og starfaði bæði til sjós og lands, en fluttist 1948 til Reykjavíkur. Myndirnar sem hér sjást heita „Kona“ og „Huldukona“.






Oscar Wilde

var geysilega frægur og umtalaður á sinni tíð og raunar eru hann frægur enn. Hann þótti lifa hneykslanlegu líferni, sem fólst m.a. í því að draga unga menn á tálar. Vegna þessa fékk hann ákæru, fangelsisdóm og var meira að segja gerður gjaldþrota.


Wennerström


var Svíi í hárri stöðu og af einni fínustu ætt landsins. Það kom eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar þessi prúði maður reyndist vera stórnjósnari, sem hafði selt leyndarmál Atlantshafsbandalagsins og eigin föðurlands.



Ferðablaðið

fjallar í þetta sinn m.a. um ferðamálasamtök landshlutanna. Rætt er við þ'a Reyni Adolfsson starfsmann Vest-Norden á Íslandi og Óla J. Ólason framkvæmdastjóra ferðaskrifstofunnar Land og saga um framtíð samtakanna og fjárhagsstöðu.





SIGFÚS DAÐASON

Jóhann Jónsson

Minnið og vizkan
söknuðurinn tryggðin
ofureflið
og ókindin.

Allt barst að
smátt og smátt
ógreinanlega
rakleitt.
Úr engum stað

Ljósir tindar
endalausir fletir
fullkomnir svo langt sem augað eygir
og sorgin eins og bjarmi í loftinu.

Sorgin.
Og síðan langir tímar.

Ljóðið er úr nýjustu ljóðabók Sigfúsar, Útlínum bak við minnið, sem er fjórða ljóðabók hans og kom út hjá bókaforlaginu Iðunni 1987.

R A B B

Þegar við eigum eina sál

Líf okkar virðist með ári hverju mótast æ meira af einhverri fjölþjóðlegri flatneskju. Gamlir siðir eru á undanhaldi, fornar dyggðir flestar úr sér gengnar og menn sjá unnvörpum hættumerki í þróun íslenzkrar tungu. Sumum finnst þetta allt saman svartagallsraus. Þeir benda á að engu skipti þótt börn séu orðin leikin í ensku slangri áður en þau nái valdi yfir íslenzku beygingarkerfi, því að tilveran sé miklu notalegri núna en þá er vinnukonur sváfu með ljóðakver Jónasar Hallgrímssonar milli brjóstanna eftir að hafa öslað fúamýrar á sauðskinnsskóm og vaðmálspilsum og voru lagztar á rúmbálka sína með mygluðu heyi.

Enginn vafi leikur á því, að Íslendingar kosta kapps um að vera fjarska alþjóðlegir, kannski af því að einangrunin, moldargólfin og taðkestirnir eru svo skammt að baki. Sá þykir varla maður með mönnum, sem ekki kemst til útlanda einu sinni á ári eða oftar. Það eru sólarlandaferðir á sumrin, innkaupaferðir á haustin og skíðaferðir á þorra. Svo þurfum við að geta valið úr mörgum sjónvarps- og útvarpsrásum, eiga útibú frá flestum þeim klúbbum og samtökum sem starfrækt eru í veröldinni og tileinka okkur alla þá tækni sem við höfum spurnir af. Og svo rammt kveður að alþjóðahyggjunni að fíkjutré, áþekk þeim, sem uxu í Edenslundi forðum, eru það fyrsta sem erlendir gestir berja augum, þegar þeir koma hingað til lands.

Samt koma þær stundir þegar Íslendingar eiga eina sál. Og þær stundur eru svo dýrmætar að engin veraldleg gæði komast þar í samjöfnuð. Þær eru þrungnar eftirvæntingu og sigurvissu og þótt þær hjaðni stundum niður í vonbrigði eða þrútni út í heilagri reiði eru þær mikilvægari en önnur reynsla sem Íslendingur verður fyrir því að hann veit að hann deilir henni með allri þjóðinni. Þetta eru þær stundir er Íslendingar senda lið út af örkinni til að sigra heiminn, þegar kolbítur rís úr öskustó til að skjóta stórmennum ref fyrir rass og næla sér fyrirhafnarlítið í kóngsríkið og prinsessuna að auki.

Hver man ekki eftir popphljómsveitum frá Íslandi, sem spáð var stórsigri og frægð í fjölþjóðlegri keppni? Eða kvikmyndum, sem fæstir Íslendingar höfðu nennt að sjá, en voru þó sannfærðir um að útlendingar myndu gína við. Hvað um íþróttamennina, sem æfa í strjálum tómstundum en við hikum ekki við að telja jafnoka eða ofjarla atvinnumanna frá stórþjóðum. Eða afreksmenn á sviði tónlistar og myndlistar, sem hafa unnið sig í álit erlendis með þeim afleiðingum að landar þeirra klína á þá stóryrðunum heimsfrægð eða jafnvel alheimsfrægð, þótt lítið sé vitað um listasmekkinn guðs um geim.

Vissulega hlýtur það að ylja ungum afreksmanni um hjartarætur, þegar hann finnur að hann á alla athygli þjóðar sinnar í erfiðri baráttu erlendis. Frómar óskir og einlæg hvatniNg fleytir honum ugglaust yfir margan erfiðan áfanga, því að fátt er jafn örðugt þeim sem berjast vill til sigurs, að finna sljóleika og andvaraleysi allt í kringum sig. En þær væntingar og kröfur sem við gerum á þessum vettvangi mótast oft miklu fremur af óhemjuskap og frekjugangi en einlægum áhuga. Háværastir í kröfugerðinni eru þeir sem engan áhuga hafa á viðfangsefninu hverju sinni en líta á sigur Íslendings sem skrautfjöður í eigin hatt, þótt sjálfir hafi þeir aldrei teflt skák, leikið handbolta eða sungið á óperusviði. Og oft eru þetta einmitt mennirnir sem fjargviðrast sem mest út af framlögum til menningarmála og gera sér tíðrætt um landeyður sem lifi á annarra brauði.

Þessar kröfur eru skaðlegar að því leyti að þær geta sligað menn, sem eru undir miklu álagi fyrir. Og þær eru aukin heldur heimskulegar því að þær bera öðru fremur vott um firnamikla vanmáttarkennd og svo nálægðina við einangrun, fátækt og niðurlægingu.

Nú má enginn skilja þessi orð svo, að ég telji þjóðarvitund vera skaðvænlegar hégiljur og uppskafningshátt. Því fer víðs fjarri. Sú samkennd, sem Íslendingar eiga með sér, hefur miklu fleiri bjartar hliðar en dökkar og af henni erum við öfundsverð meðal stórþjóða. En skuggahliðarnar, sem líka blasa við, eru óþarfar. Við höfum fyrir löngu sannað tilverurétt okkar í heiminum og þurfum engan veginn að láta popphljómsveitir, skáksnillinga og fegurðardrottningar burðast með samanlagðan heiður okkar og sóma. Bezta leiðin til að vera gjaldgeng á alþjóðlegum vettvangi er einmitt sú að leggja rækt við það sem við eigum sameiginlegt og hlúa jafnframt að hugviti og frumlegri sköpun, sem hér sprettur fram. Og það er líka öruggasta leiðin gegn því að fjölþjóðaflatneskjan færi hér allt í kaf.

GUÐRÚN EGILSON